

Fimmtudaginn 18. desember 1997.

Nr. 72/1997.

Jón Steinn Elíasson

(Baldvin Hafsteinsson hdl.)

gegn

Tómasi K. Tómassyni

(Atli Gíslason hrl.)

og gagnsök

Vinnusamningur. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti með stefnu 19. mars 1997. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 143.837 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1996 til greiðsludags, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur um annað en málskostnað. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 5. desember sl.

Atvikum málsins og málsástæðum aðila er lýst í héraðsdómi.

Eins og málið liggur fyrir, hefur gagnáfrýjandi ekki sannað, að hann hafi tilkynnt aðaláfrýjanda 5. desember 1995 um veikindaforföll sín frá starfi hjá einkafirma hins síðarnefnda, Toppfiski. Fallist verður á það með héraðsdómara, að gagnáfrýjandi hafi ekki leitt í ljós, að hann hafi haft gild forföll frá vinnu umrætt sinn, hvað sem liður vanrækslu hans um tilkynningu til aðaláfrýjanda. Þá hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á, að hann hafi boðið aðaláfrýjanda að taka að nýju til starfa, fyrr en með bréfi, sem stéttarfélag hans ritaði aðaláfrýjanda 2. janúar 1996. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að leggja til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að gagnáfrýjandi væri hættur störfum hjá sér. Með þeirri háttsemi sleit

gagnáfrýjandi vinnusamningi sínum við aðaláfrýjanda. Þegar af þeirri ástæðu hvíldi engin skylda á aðaláfrýjanda til að vara gagnáfrýjanda við afleiðingum gerða hans. Eru því ekki skilyrði til að fella bótaábyrgð á aðaláfrýjanda vegna þess, að hann hafi látið hjá líða að beina slíkri viðvörðun til gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti. Um gjafsóknarkostnað gagnáfrýjanda fer, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Jón Steinn Eliasson, er sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Tómasar K. Tómassonar.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 120.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar

Á það verður að fallast með héraðsdómara, eins og mál þetta liggur fyrir, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi haft gild forföll frá vinnu 5. desember 1995 eða næstu daga þar á eftir. Af því leiðir, að hann á ekki rétt til launa fyrir þann tíma, sem forföllin ná til. Hins vegar er það ekki sjálfsgöð afleiðing forfallanna, að hann teljist hafa glatað rétti sínum til starfsins hjá aðaláfrýjanda, heldur er það annað mál, sem hér horfir mjög öðruvísi við.

Þegar virtur er framburður málsaðila sjálfra og þeirra tveggja skyldmenna, sem kvödd voru fyrir dóm til skýrslugjafar, kemur í ljós, að aðaláfrýjandi hefur ekki leitt raunhæfar líkur að því, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að líta svo á, að gagnáfrýjandi væri hættur störfum hjá sér. Verður framganga gagnáfrýjanda, sem var 16 ára að aldri og ólöggráða, í besta falli skilin svo, að hann hafi ratað í einhvers konar ráðleysi, sem taka þurfti ákveðnum tókum.

Þetta gerði aðaláfrýjandi ekki fyrir sitt leyti, heldur leiddi hann vandann hjá sér, að því er best verður séð. Ætla verður jafnframt, að ráðleysi gagnáfrýjanda hafi meðal annars stafað af því, að aðaláfrýjandi hafi ekki gætt réttra formreglna um viðbrögð vinnuveitenda við vanefndum starfsmanna, er verðar séu áminningar eða uppsagnar, á neinu stigi starfsferils hans. Til þess er almennt ætlast, að þau viðbrögð séu tjáð skriflega, og er sú regla ekki sett formsins vegna, heldur hefur hún beina efnislega þýðingu.

Eftir því, sem upplýst er um atvik málsins, er þannig vafalaust, að aðaláfrýjandi hefði átt að senda gagnáfrýjanda skriflega viðvörun þess efnis, að litid væri á forföll hans sem vísbendingu um, að hann væri hættur starfi sínu og í raun að segja því lausu, ef aðaláfrýjandi ól með sér hugmyndir í þá veru á annað borð. Hafi vanræksla hans í því efni verið aðalorsök þess, að slit urðu á vinnuréttarsambandi aðila.

Samkvæmt þessu og þeim reglum laga og kjarasamninga, sem við eiga, á gagnáfrýjandi rétt til skaðabóta úr hendi aðaláfrýjanda, er svari til launa í starfi hans frá 5. desember 1995 til 31. janúar 1996, að frádregnum þeim tíma framan af tímabilinu, er staða hans mátti kallast óljós vegna sambandsleysis milli aðilanna, og má meta hann sem næst tveimur vikum í þessu tilliti. Krafa gagnáfrýjanda um greiðslu vegna orlofsuppbótar er vanreifufð og ekki unnt að bæta henni hér við. Er þannig hæfilegt, að aðaláfrýjandi greiði honum samtals 107.878 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. janúar 1996 til málshöfðunardags, 15. mars sama ár, og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags auk 270.000 króna samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Eru gjafsóknarlaun handa lögmanni hans fyrir Hæstarétti, 120.000 krónur, þar með talin.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1996.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 15. mars 1996, til þingfestingar hér fyrir dómi 19. mars s. á. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 15. október sl.

Stefnandi málsins er Tómas K. Tómasson, kt. 270879-5119, Hjallabrekku 47, Kópavogi, en stefndi er Jón Steinn Elíasson, kt. 011150-4039, Klyfjaseli 109, Reykjavík, einkaeigandi Toppfisks, kt. 611085-0799, Fiskislóð 115 A, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 143.837 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1996 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Sjónarmið stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa hafið störf hjá Toppfiski, einkafirma stefnda, Jóns Steins Elíassonar, snemma árs 1995. Hinn 5. desember s. á. hafi sér verið fyrirvaralaust sagt upp störfum símléiðis, þar sem hann lá veikur heima. Sér hafi ekki verið gefinn kostur á að vinna samningsbundinn uppsagnarfrest þrátt fyrir beiðni móður sinnar og tilmæli lögmanns Dagsbrúnar, stéttarfélags síns. Hann hafi verið ráðinn mánaðarkaupismaður og sér því borið eins mánaðar uppsagnarfrestur frá mánaðamótum að telja, 31. desember 1995. Hann geri því kröfu til skaðabóta, sem jafngildi launum ásamt orlofi á uppsagnartímabilinu, þ. e. frá 6. desember 1995 til 31. janúar 1996, auk áunnins orlofs árið 1995, sem sundurliðist þannig:

Laun frá 6. desember 1995 til 31. janúar 1996	kr.	130.559
Orlof fyrir sama tímabil	–	13.278
		<hr/>
Kröfufjárhæð	kr.	143.837

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir innheimtutilraunir, og því sé málshöfðun óhjákvæmileg.

Stefnandi skírskotar til þess, að hann hafi verið félagsmaður í Verkamannafélaginu Dagsbrún á því tímabili, er krafa sín stofnaðist, og fari því um starfskjör sín eftir þágildandi kjarasamningum. Í því sambandi vísar hann til 1., 2., 3., 4. og 12. kafla kjarasamnings félagsins. Þá vísar stefnandi til eftirtalinnna laga og lagagreina til stuðnings kröfum sínum: laga um starfskjör launþega nr. 55/1980, einkum 1. gr. laganna, laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga nr. 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7. og 8. gr., og laga nr. 19/1987 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o. fl.

Ljóst sé af tilvitnuðum ákvæðum í kjarasamningi og lögum, að uppsögn stefnda á vinnusamningi stefnanda hafi verið ólögmat og því bótaskyld. Uppsögn skuli vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Sé út af því brugðið, beri vinnuveitanda að greiða launþega skaðabætur, sem svari til þeirra launa, er launþegi hefði borið úr bótum á uppsagnartíma. Stefndi hafi hins

vegar vikið stefnda fyrirvaralaust úr starfi án nokkurs tilefnis og án þess að segja honum upp skriflega með lögbundnum og samningsbundnum fyrirvara. Auk þess hafi stefndi vanefnt bindandi ráðningarsamning með því að greiða ekki umsamin laun á uppsagnartíma, þ. e. frá því að honum var vikið ranglega úr starfi 5. desember 1995 til loka janúarmánaðar þessa árs.

Kröfu sína um dráttarvexti styður stefnandi með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, en málskostnaðarkrafa hans styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Til stuðnings kröfu sinni um tildæmdan virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og bendir á, að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og því beri sér að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

Sjónarmið stefnda.

Stefndi lýsir málavöxtum með þeim hætti, að stefnandi hafi ekki komið til vinnu 5. desember 1995. Því hafi verið haft símasamband heim til hans til að grennslast fyrir um hann. Hafi bróðir hans orðið fyrir svörum og boðist til að taka skilaboð til stefnanda um að hafa samband við stefnda. Þegar það hafi brugðist, hafi stefndi sjálfur margsinnis reynt að ná sambandi við stefnanda með því að hringja í GSM-símanúmer samkvæmt upplýsingum bróður hans. Í hvert skipti, sem reynt hafi verið að ná sambandi við stefnanda með þessum hætti, hafi hann lagt á, þegar hann varð þess áskynja, að hringt var á vegum stefnda. Stefndi hafi þannig reynt árangurslaust að ná sambandi við stefnanda í tvo daga. Því hafi verið litið svo á, að stefnandi væri hættur og hefði hlaupist úr starfi. Í kjölfar þessa hafi stefndi gert þá kröfu, að stefnandi skilaði lykklum að fyrirtækinu. Engin andmæli hafi komið frá stefnanda við þessari ósk. Nokkrum vikum síðar hafi móðir stefnanda haft samband við stefnda og sagt stefnanda hafa verið veikan í umrætt sinn. Hafi það verið í fyrsta sinn, sem veikindum hafi verið borið við sem ástæðu fyrir fjarveru stefnanda. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi áður verið varaður við vegna langra fjarvista.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á þeirri meginreglu vinnuréttar, að launþegi efni skyldur sínar samkvæmt ráðningarsamningi og komi til vinnu. Brjótí starfsmaður gegn þessari skyldu, sé það brot á ráðningarsamningi, sem jafngildi fyrirvaralaus brottlaupi úr starfi. Stefndi hafi ekki komið til starfa 5. desember 1995 og engar skýringar gefið á fjarveru sinni, þótt eftir þeim hafi verið oftlega leitað. Stefndi hafi ekki enn í dag haft nokkurt samband við stefnda. Stefndi hafi því haft réttmæta ástæðu til að ætla, að stefnandi hefði hlaupist brott úr vinnu.

Stefndi mótmælir sem rangri þeirri staðhæfingu stefnanda, að honum

hafi verið sagt upp fyrirvaralaust 5. desember 1995. Telur stefndi, að sér hafi verið fyllilega heimilt, eins og á stóð, að krefjast þess, að stefnandi skil- aði lykllum að fyrirtækinu. Verði það á engan hátt túlkað sem fyrirvaralaus brottvikning.

Í öðru lagi mótmælir stefndi því eindregið, að um veikindi hafi verið að ræða hjá stefnanda. Sér hafi engin tilkynning borist um veikindi stefnanda, né heldur hafi hann látið það uppi í þau skipti, sem tekist hafi að ná síma- sambandi við hann. Þá hafi stefnandi ekki lagt fram læknisvottorð máli sínu til stuðnings.

Stefndi vísar að öðru leyti til meginreglna vinnuréttarins, að því er varðar skyldu launþega samkvæmt ráðningarsamningum.

Lögmaður stefnda lýsti yfir því, að ekki væri um að ræða tölulegan ágreining milli málsaðila, en deilt væri um greiðsluskyldu stefnda.

Forsendur og niðurstaða.

Ásta Margrét Sigurðardóttir, móðir stefnanda, og Anna Marta Ásgeirsdóttir, stjúpdóttir stefnda og starfsmaður Toppfisks, komu til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins, en auk þess var skýrsla tekin af stefnanda og stefnda, Jóni Steini Elíassyni. Verður framburður þeirra rakinn hér á eftir í stórum dráttum.

Stefnandi lýsir atburðum svo, að hann hafi veikt 5. desember 1995 og fengið læknisvottorð því til sönnunar, sem hann hafi afhent stefnda. Einhver Stefán hafi gefið það vottorð. Hann hafi farið að vinna að nýju nokkrum dögum síðar, líklega næsta mánudag, þ. e. 11. sama mánaðar, að því er sig minnti. Þá hafi sér slegið niður, fengið snert af lungnabólgu. Hafi hann leitað sér lækninga og fengið lyf við sjúkdómnum. Móðir sín hafi haft samband við stefnda og tilkynnt um veikindi sín. Stefndi hafi lýst óánægju með veikindin og óskað eftir því tveimur til þremur dögum síðar, að hann skil- aði lykllum að búningsklefa og skáp, sem hver starfsmaður stefnda fengi til afnota. Hann hafi stimplað sig inn, þegar hann kom til vinnu 11. desember, og unnið allan þann dag. Eftir að hann veiktist aftur, hefði vinnuveitandi sinn farið að gera athugasemdir. Hann kvaðst vera heilsuhraustur, en verið veikur einu sinni áður í starfi hjá stefnda. Ekki hefði verið óskað eftir læknisvottorði, þegar hann veiktist í síðara skipti. Hann kannaðist við, að nokkrum sinnum hefði verið hringt á þessum tíma frá fyrirtæki stefnda og reynt að hafa samband við sig og þá verið talað við móður sína og systur. Dóttir stefnda hefði haft samband við sig og beðið sig að skila lykllum og þá jafnframt sagt, að hann skyldi ekki reyna að stíga fæti frammar inn á vinnu- stað þeirra. Sérstaklega spurður kvaðst hann hafa verið atvinnulaus á tíma- bilinu frá 5. desember 1995 til 31. janúar 1996.

Stefndi Jón Steinn Elíasson kvað þá reglu viðhafða í fyrirtæki sínu, að starfsmönnum bæri að tilkynna forföll í byrjun vinnudags. Þetta væri öllum gert ljóst. Væri það ekki gert, hefði sérstakur starfsmaður það verkefni að hafa símasamband við viðkomandi starfsmann. Ætlast sé til, að starfsmenn skili læknisvottorði, séu þeir veikir. Takist ekki að ná sambandi við starfsmann með þessum hætti í tvo til þrjá daga, sem sé afar fátítt, sé reynt að nýju eftir u. þ. b. eina viku, og beri það ekki árangur, sé málið kannað sérstaklega. Hann kvað umræddan starfsmann, Önnu Mörtu Ásgeirsdóttur, hafa látið sig vita, að hún hefði oftlega reynt að ná sambandi við stefnanda vegna fjarveru hans 5. desember. Að hennar sögn hefði stefnandi komið í símann, en ekki svarað neinu. Eina skýringin, sem fengist hefði á fjarveru stefnanda, hefði komið frá unnustu hans, sem starfaði hjá stefnda, en hún hefði sagt, að stefnandi nennti ekki í vinnuna. Hefði það komið fyrir áður, að stefnandi nennti ekki að koma til vinnu, en lítið hefði verið fram hjá því þá. Eftir margar tilraunir kvaðst stefndi loks hafa náð símasambandi við stefnanda, sem ekkert hefði viljað við sig tala. Kvaðst hann því hafa talið, að stefnandi hefði ekki lengur áhuga á starfi hjá sér. Reyndar hafi hann þá ekki viljað loka dyrum á hann og ætlast til, að hann kæmi aftur til vinnu, sem ekki hafi orðið. Síðan hafi liðið u. þ. b. tvær vikur, en þá hafi móðir stefnanda haft símasamband við sig og beðið um uppsagnarbréf, svo að stefnandi gæti farið á atvinnuleysisbætur. Þessu kvaðst stefndi hafa hafnað, enda stefnanda ekki verið sagt upp. Hann kvað það algilda reglu hjá fyrirtæki sínu, að starfsmenn fengju áminningarbréf, ef þeir kæmu ekki til vinnu, og síðan uppsagnarbréf, ef um uppsögn væri að ræða. Hann kannaðist ekki við, að stefnandi hefði komið til vinnu eftir veikindi sín 11. desember, eins og stefnandi hélt fram, né heldur hefði stefnandi afhent læknisvottorð vegna veikinda sinna. Beiðni um, að stefnandi skilaði lykllum, kvað hann ekki hafa falið í sér uppsögn. Staðan hafi hins vegar verið sú, að aðstöðu hafi vantað fyrir annað starfsfólk og stefnandi þá ekki komið til vinnu, svo að vikum skipti. Því hafi verið óskað eftir, að stefnandi skilaði lykllum, en hann ekki enn gert það. Reyndar hafi hann einnig frétt á þeim tíma, að stefnandi væri kominn í vinnu hjá bróður sínum. Hann kvaðst ekki hafa tilkynnt stefnanda sérstaklega, að lítið væri svo á, að hann væri hættur störfum, enda ekki talið þá, að svo væri. Aftur á móti hafi hann ekki viljað verða við þeim tilmælum móður stefnanda, að stefnandi fengi að vinna út uppsagnarfrest, þar sem það hefði haft slæm áhrif á aðra starfsmenn fyrirtækisins, eins og þá var komið málum. Hann kannaðist ekki við, að stefnanda hefði verið sagt, að hann mætti ekki stíga fæti inn í fyrirtækið. Ekki hefði hann séð ástæðu til að senda stefnanda skriflega uppsögn, þar sem

stefnandi hefði sjálfur kosið að koma ekki til vinnu, þrátt fyrir það að iðulega hefði verið reynt að fá hann til þess. Hann kvaðst í tvígang hafa hvatt stefnanda til að taka sig á í starfi og verið um skriflega viðvörðun að ræða í annað skiptið. Hann upplýsti, að stefnandi hefði unnið hjá sér í íhlaupum með skóla allt frá þrettán ára aldri, og kvaðst þekkja vel til hans og hans fólks og viljað honum vel.

Ásta Margrét Sigurðardóttir, móðir stefnanda, kvað son sinn hafa fengið flensu og kvef 5. desember sl., og hefði hún þá hringt og talað við Önnu Mörtu hjá fyrirtæki stefnda og látið vita um veikindi hans, eins og hún gerði alltaf, er þannig stæði á. Hann hefði síðan farið einn dag í vinnu, en slegið niður aftur. Í bæði skiptin hefði hann fengið lyf við veikindum sínum, en í síðara sinnið verið um snert af lungnabólgu að ræða. Hún kvað fjóra syni sína hafa verið í vinnu hjá stefnda á þessum tíma og hún því verið í stöðugu sambandi við fyrirtækið. Hún hefði reynt að ná sambandi við Jón Stein vegna þessa máls, en ekki tekist. Hann hefði síðan hringt að kvöldlagi og þessi mál þá verið rædd. Óskað hefði verið eftir því, að stefnandi skilaði lykllum, u. þ. b. tveimur dögum eftir að hann veiktist í síðara skiptið, en ekki mundi hún með nokkurri vissu, hvenær þetta gerðist. Hún gat ekki fullyrt, hvenær sonur hennar veiktist að nýju, né heldur vildi hún fullyrða, hvort það hefði verið fyrir eða eftir 5. desember, í ljósi þess, að hann hefði verið veikur í nóvember skv. vinnuskýrslum stefnda. Hún mundi það eitt, að sonur sinn hefði farið einn dag í vinnu, en slegið niður aftur. Þegar hún fór fram á, að sonur sinn fengi að vinna út uppsagnarfrestinn, líklega u. þ. b. tveimur vikum síðar, hefði sér verið sagt, bæði af stefnda Jóni Steini og stúlku á símanum, að hann fengi ekki að stíga fæti fram inn í fyrirtækið.

Anna Marta Ásgeirsdóttir kvaðst lítil samskipti hafa haft við stefnanda, en hún hefði hringt heim til hans, þegar hann kom ekki til vinnu 5. desember, eins og henni bæri að gera. Hún hefði hringt laust eftir kl. 8 og þá ekki verið svarað. Um tíuleytið náði hún símasambandi við bróður stefnanda, sem kvaðst myndu sækja hann í símann. Hún hefði beðið lengi í símanum, en stefnandi ekki komið og hún því lagt á. Síðan hefði hún reynt nokkrum sinnum að ná sambandi við stefnanda, annaðhvort samdægurs eða daginn eftir, en án árangurs. Loks hefði hún náð sambandi við hann um GSM-síma, og hefði hann skellt á, eftir að hún kynnti sig. Eftir það hefði hún margoft án árangurs reynt að ná sambandi við stefnanda og því látið málið í hendur Jóns Steins. Hefði það gerst á öðrum eða þriðja degi, eftir að stefnandi hætti að koma til vinnu. Eftir þetta hefði hún engin afskipti haft af málinu. Hún kannast ekki við, að móðir stefnanda hefði haft samband

við sig og tilkynnt veikindi stefnanda, né heldur, að hún hefði viðhaft þau orð við stefnanda eða móður hans, að stefnandi mætti ekki framar stíga fæti inn í fyrirtækið. Hún kvaðst hafa spurt unnustu og mágkonu stefnanda eftir honum, þegar þessir atburðir gerðust, en báðar voru þá í vinnu hjá fyrirtækinu. Hefðu þær sagt, að hann væri sofandi heima. Hún kvaðst hafa komið þeim boðum til stefnanda með unnustu hans að skila lyklum, líklega tveimur vikum síðar. Þessum lyklum hefði ekki enn verið skilað. Hún kvað ástæðu fyrir þessari ósk hafa verið þá, að miklar annir hefðu verið hjá fyrirtækinu á þessum tíma og vantað aðstöðu fyrir starfsfólk. Hefði hann þá ekki verið búinn að svara því, hvort hann væri hættur störfum, en þau þá verið farin að halda, að hann hygðist ekki koma aftur til starfa. Hins vegar hefði honum ekki verið sagt upp enn. Stefnandi hefði ekkert samband haft við fyrirtækið, frá því að hann hætti þar 5. desember 1995. Sú venja tíðkaðist hjá fyrirtækinu, kæmi starfsmaður ekki til vinnu eða tilkynnti ekki um forföll, að líta svo á, að hann væri hættur störfum. Hins vegar væri reynt að hafa samband við starfsmenn og fá að vita, hver ástæða fjarvista væri. Sérstaklega aðspurð kvaðst hún þess fullviss, að stefnandi hefði ekki skilað læknisvottorði.

Niðurstaða dómsins.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort talið verður, að stefnandi hafi vanefnt ráðningarsamning sinn við stefnda með því að koma ekki til vinnu án lög-
mætra forfalla þrátt fyrir ítrekuð tilmæli fyrirsvarsmanna stefnda, eða hvort honum hafi verið vikið fyrirvaralaust úr starfi og þá án þess að gætt hafi verið reglna laga og kjarasamninga um framkvæmd uppsagnar.

Framburður þeirra, sem borið hafa vætti í málinu og að framan er lýst, er mjög í eina átt og litaður af hagsmunum þeirra, sem í hlut eiga.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið veikur og ekki komið til vinnu af þeim sökum, en skilað læknisvottorði til sönnunar veikindum sínum. Því hefur stefndi með öllu mótmælt. Stefnandi hefur ekki lagt fram í málinu læknisvottorð til sönnunar veikindum sínum, sem honum hefði verið hægurinn hjá að fá afrit af hjá lækni sínum. Þá ber til þess að líta, að stefnandi og móðir hans báru bæði hér fyrir dómi, að stefnandi hefði veikt 5. desember sl., en komið til vinnu að nýju 11. sama mánaðar. Þá hefði hann stimplað sig inn til vinnu, eins og venja sé í fyrirtæki stefnda. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda, sem kannast ekki við, að stefnandi hafi komið til vinnu, eftir að hann veiktist 5. desember. Hefur stefndi lagt fram tölvulista yfir þá starfsmenn, sem stimpluðu sig inn hjá fyrirtækinu þennan dag. Þar er nafn stefnanda ekki að finna.

Þá ber til þess að líta, að Verkamannafélagið Dagsbrún sendi stefnda bréf, þar sem mótmælt er fyrirvaralausum brottrekstri stefnanda og stefndi krafinn um bætur fyrir stefnanda hönd. Bréfið er ódagsett, en sent stefnda milli jóla og nýjárs 1995 að sögn lögmanns stefnanda. Þar er ekki á veikindi stefnanda minnst né heldur í bréfi lögmanns hans, sem dagsett er 2. janúar sl. Í síðarnefndu bréfi er þess beiðst, að stefnanda verði sagt upp með samningsbundnum fyrirvara og gefinn kostur á að vinna út uppsagnarfrest sinn.

Í svarbréfi stefnda, sem dagsett er 9. janúar sl., er því lýst, að starfsmenn stefnda hafi iðulega reynt að ná sambandi við stefnanda, þegar hann hætti að koma í vinnu. Er lýsing bréfsins á tilraunum þeirra í fullu samræmi við framburð stefnda, Jóns Steins, og Önnu Mörtu hér fyrir dómi.

Í stefnu málsins er fyrst vikið að veikindum stefnanda, en engin tilraun gerð til að sanna þá staðhæfingu, að veikindi hafi valdið fjarvistum hans.

Þegar virtur er framburður málsaðila og annarra vitna svo og önnur til-tæk gögn, er það niðurstaða dómsins, að stefnandi hafi ekki haft lögmat forföll, þegar hann kom ekki til vinnu 5. desember 1995 og næstu daga þar á eftir. Stefndi hafði því réttmæta ástæðu til að ætla, að stefnandi hefði hætt störfum.

Til þess ber hins vegar að líta, að stefnandi er ungur að árum og er að stíga fyrstu skref sín á vinnumarkaði. Stefndi hefur aftur á móti stundað at-vinnurekstur um langt skeið og öðlast viðtæka reynslu á því sviði. Hallar hér verulega á stefnanda.

Með vísan til þessa er það álit dómsins, að stefnda hefði verið rétt og skylt að senda stefnanda skriflega viðvörðun án ástæðulausrar tafar, þar sem honum væri gert rækilega ljóst, að kæmi hann ekki til vinnu þegar í stað eða færði sönnur á, að forföll hans væru réttmæt og lögleg, yrði lítið svo á, að hann hefði sagt starfi sínu lausu. Vanræksla þessa kann að hafa valdið því, að vinnuréttarsambandi málsaðila lauk með umræddum hætti, sem leiddi til þess tjóns, sem stefnandi gerir kröfu til, að stefndi bæti sér.

Stefndi þykir því hafa átt nokkurn þátt í tjóni stefnanda.

Bætur fyrir fyrirvaralaus brottvikningu úr starfi eru í eðli sínu skaðabæt-ur til handa launþega, sem missir vinnu sína með ólögmatum hætti. Þegar svo stendur á, hafa dómstólar gert vinnuveitanda að greiða launþega skaða-bætur, sem svara til þeirra launa, er starfsmaðurinn hefði notið, hefði hann haldið vinnunni til enda samningsbundins uppsagnarfrests, að frádregnum þeim tekjum, sem launþegi hefur aflað annars staðar á uppsagnartíma.

Rétt þykir, eins og hér stendur á, að taka mið af því við úrlausn málsins, að stefndi hafi átt nokkra sök á þeirri atburðarás, sem varð kveikjan að

máli þessu, og skipta sök í málinu þannig, að stefndi bæti stefnanda tjón hans að hluta. Niðurstaða málsins er því sú, að stefndi skuli greiða stefnanda í skaðabætur 71.920 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1996 til dómsuppsögu í máli þessu, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir og rétt með vísan til 3. tl. 130. gr. laga nr. 19/1991, að stefndi taki þátt í kostnaði stefnanda við málsókn þessa og greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 32.125 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, að fjárhæð 6.125 kr.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Steinn Elíasson, persónulega og f. h. einkafirma síns, Toppfisks, greiði stefnanda, Tómasi K. Tómassyni, 71.920 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1996 til dómsuppsögudags, þ. e. 21. október 1996, en dráttarvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 32.125 kr. í málskostnað.
